

## AUGLÝSING

196

5. des.

## um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupsýnum, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög.

40. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag opinberra starfsmanna, Hafnarfirði. Varnarþing í Hafnarfirði. Staðfest 19. janúar 1949.
41. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag lögreglumanna í Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 23. ágúst 1949.
42. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum. Varnarþing í Vestmannaeyjum. Staðfest 7. september 1949.
43. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag atvinnuflugmanna í Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 13. október 1949.
44. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Ingólfur, Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 21. október 1949.
45. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna áætlunarbifreiða póststjórnarinnar í Reykjavík og nágrenni. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 24. nóvember 1949.
46. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Landsbanka Íslands, Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 25. nóvember 1949.
47. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Flugfélags Íslands og Loftleiða. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 30. nóvember 1949.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. desember 1949.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Gisli Jónasson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Framkvæmdasjóð háskólastúdenta“, 197  
útfegin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. des. 1949. 5. des.

197  
5. des.

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framkvæmdasjóð háskólastúdenta.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framkvæmdasjóður háskólastúdenta.

2. gr.

Sjóðurinn er eign íslenzkra háskólastúdenta og stendur undir stjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands.